



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Fjármögnun húsnæðis fyrir starfsemi Mánabergs*

Lagt er til að breyting verði gerð á fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2023 vegna reksturs Mánabergs, vistheimili barna. Áætla skal tekjur vegna endurgreiðslu frá ríkinu vegna vistunarkostnaðar að fjárhæð 37,5 m.kr. og gjöld á móti.

Greinargerð:

Velferðarráð lagði til á fundi ráðsins 5. október 2022 að eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar yrði falið að finna nýtt og stærra húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs eða þar til að búið er að byggja nýtt framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina. Húsnæði Mánabergs er löngu sprungið og var nýting ársins 2022 alls 144%. Ekki fékkst aukin fjárheimild til stækkunar á árinu 2023 en með auknum tekjum vegna endurgreiðslu mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 15 gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 er lagt til að áætlun Mánabergs verði hækkuð svo hægt verði að ráða um 3,5 stöðugildi.

Kostnaður vegna dvalar á sólahring á árinu 2022 var 114.653 kr. og fyrir árið 2021 var hann 94.988 kr. Alls var greitt fyrir 350 nætur fyrir tímabilið nóvember 2021 til nóvember 2022. Alls voru 10 börn í Mánabergi og er það mat Barnaverndar Reykjavíkur að þetta verði sambærilegt á árinu 2023. Endurgreiðsla ríkisins vegna þessa tímabils var kr. 37.493.550. Er hér um að ræða nokkuð fjölbreyttan hóp þó sammerkt sé að réttur er til endurgreiðslu frá ríkinu vegna vistunarkostnaðar.